



SUMARBÆKLINGURINN

Íþróttar- og tómstundastarf í
Ísafjarðarbæ sumarið 2017



Upplýsingar fyrir
börn og fullorðna



ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is

OPNUNARTÍMI SUNDSTAÐA Í ÍSAFJARÐARBÆ

SUMAROPNUN HEFST 3. JÚNÍ


ÍSAFJÖRÐUR:

Mán-fös: 10.00-21.00
Lau-sun: 10.00-17.00
Allir rauðir dagar: 10.00-17.00
(nema 17. júní þá er lokað)



FLATEYRI:

Mán-fös: 10.00-20.00
Lau-sun: 11.00-17.00
Allir rauðir dagar: 11.00-17.00
(nema 17. júní þá er lokað)



SUÐUREYRI:

Allir dagar: 11.00-19.00
(nema 17. júní þá er lokað)



ÞINGEYRI:

Mán-fim: 08.00-20.00
Lau-sun: 10.00-18.00
Allir rauðir dagar: 10.00-18.00
(nema 17. júní þá er lokað)



Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður | 450 8000 | postur@isafjordur.is



ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is

GOLFLÚBBUR ÍSAFJARÐAR

GOLFNÁMSKEIÐ Í ÍSAFJARÐARBÆ

Golflúbbur Ísafjarðar býður upp á golfnámskeið fyrir yngri hópa í sumar, 6 til 12 ára og 12-18 ára.

Kennari verður Anton Helgi Guðjónsson og verður kennsla tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga. Yngri hópurinn verður milli kl. 12:00 til 13:00 og eldri hópurinn mætir milli 17:00 og 18:30. Mæting er í Golfskálanum í Tungudal.

Kennslan hefst 5. júní nk og stendur út ágúst, verð 12000 kr fyrir allt tímabilið. Skráning er í síma 4565081 (Golfskálinn) eða í netfangi jakob@skaginn3x.com, nánari upplýsingar á heimasíðu GÍ.

Foreldrar eru hvattir til að notafæra sér þessa þjónustu en mikilvægt er að byrja snemma að tileinka sér þessa hollu og skemmtilegu íþrótt.

SÆFARI



SIGLINGA- OG ÚTIVISTARNÁMSKEIÐ

Námskeiðin eru fyrir krakka á aldrinum 9 – 15 ára (börn fædd 2008 – 2002) frá klukkan 8.00 – 12.00. Námskeiðið kostar 16.000 krónur. Skráning fer fram í síma 863 1649 eða á netfanginu sopran@snerpa.is. Umsjónarmaður með námskeiðinu er Guðrún Jónsdóttir.

Námskeiðin verða vikunar 12-16 júní, 19-23 júní, 3-7 júlí, 10-14 júlí og 14-21 júlí.

SUMARLESTUR Á BÓKASAFNINU

LESTRARBINGÓ - SUMARLESTUR Á BÓKASAFNINU

Bókasafnið verður með sumarlestur fyrir börn í 1. – 6. bekk og ætlum við að breyta út af venju og vera með lestrarbingó. Til að vera með koma börnin á bókasafnið með skirteinið sitt, fá bækur að láni og bingóspjald. Bingóspjöldin fara í lukkupott og verður dregið um bókavinning mánaðarlega auk þess sem við verðum með uppskeruhátíð í lok sumars. Öll börn sem hafa tekið þátt fá glaðning.

Starfsfólk okkar aðstoðar við að finna bækur, en við hvetjum foreldra til koma með börnum sínum á Bókasafnið.

Sumarlesturinn stendur yfir 29. maí – 19. ágúst.

KNATTSPYRNUDEILD VESTRA

Knattspyrnudeild Vestra byrjar fótbolda-sumarið mánudaginn 5. júní. Æfingar eru fyrir allan aldur frá næstelsta ári í leikskóla og upp úr, frá 8. fl og upp í 3 flokk. Meistaraflokkar karla mun æfa á fullu sem fyrr og spilar það í 2. deild Íslandsmótsins. 2. – 7. flokkar karla og kvenna verða á 4 æfingum í viku mánudaga-fimmtudaga. 8. flokkur æfir tvisvar í viku. 8. flokkurinn er ætlaður krökkum sem eru á næstsíðasta og síðasta ári í leikskóla og er þar lögð áhersla á hreyfiproska og almenna líkamsrækt en þó mest rækt lögð við boltaleiki. Allir flokkar munu taka þátt í mótum þetta sumarið, hvort sem um er að ræða innanfélagsmót eða stærri mót og verður nákvæmt yfirlit yfir þau á heimasíðu félagsins. Upplýsingar um æfingar og annað starf félagsins verður að finna á heimasíðu þess www.vestri.is/ knattspyrna og á facebooksíðu yngri flokka „Vestri fótballi - yngri flokkar“. Hlökkum til að sjá alla krakka á frábæru fótboldasumri.

VINNUSKÓLINN

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar verður starfræktur í sumar frá 6. júní til 28. júlí á Ísafirði og á Þingeyri. Yfirstjórn hans verður að Austurvegi 9 á Ísafirði og yfirflokkstjóri er Nanna Kristjánsdóttir. Flestir stiga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum í vinnuskólanum. Foreldrar, starfsemin og aðrir þurfa að vera virðingu fyrir þessari vinnu og því sem þar fer fram. Enginn fæðist sérfræðingur, en markmiðið okkar allra er að undirbúa börnin til þátttöku í atvinnulífinu. Hægt er að fá vinnuskólann til að sinna almennri garðavinnu og slætti gegn vægu gjaldi og er best að snúa sér til yfirflokkstjóra í síma 450-8052 eða í gegnum netfangið vinnuskoli@isafjordur.is til þess að óska eftir þjónustu.

RIDDARAR RÓSU



Æfingar hjá Riddurum Rósu eru fyrir alla sem vilja kynnst hinni frábæru íþrótt, hlaupum. Við hittumst við íþróttahúsið á Torfnesi á mánudögum og fimmtudögum klukkan 18.15 og á laugardögum klukkan 9:00. Hópnum er skipt í þrennt eftir getu þannig að allir ættu að finna sinn stað á æfingunum. Martha Ernsts dóttir sendir hópnum prógramm sem reyndir hlauparar fara í gegnum og aðstoða þá sem eru nýir. Sumargjaldið hjá okkur er aðeins 9000 kr og er tímabilið til 1. nóvember.

Nánari upplýsingar eru á facebook.com/RiddararRosulsafirdi en einnig er hægt að fá upplýsingar á hagu@centrum.is

Riddarar sjá einnig um Hlaupahátíð á Vestfjörðum sem verður haldin 14-16. júlí nk en allar upplýsingar um hana er á hlaupahatid.is Hvetjum alla til að mæta og taka þátt í skemmtilegum félagsskap.

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ STEFNIR SUÐUREYRI



Sumarstarf Stefnis verður með hefðbundnum hætti í sumar og boðið verður upp á skemmtileg námskeið.

SUNDNÁMSKEIÐ

Sundnámskeið verður í Suðureyrarlaug í júní í alls 10 skipti fyrir 4 - 12 ára börn. Þjálfari verður Stella Hjaltadóttir.

LEIKJANÁMSKEIÐ

Leikjanámskeið Stefnis er alltaf mjög vinsælt og er ætlunin að bjóða upp á það líkt og síðustu sumur. Námskeiðið verður haldið í júní og er fyrir 7 - 14 ára börn.

Þjálfari verður Stella Hjaltadóttir.

VÍÐAVANGSHLAUP

Að venju verðum við með Víðavangshlaup 17. júní kl. 11:00. Hlaupið verður frá Kleifinni í Súgandafirði, alls 2 km. Allir eru hvattir til að taka þátt í þessu skemmtilega hlaupi. Hlaupið er fyrir alla aldurshópa.

Boðið verður upp á útifótbolta tvisvar í viku í sumar þá bæði fyrir börn og unglinga. Þessir tímar verða auglýstir betur þegar nær dregur.

LEIKJAKVÖLD

Í sumar verðum við með leikjakvöld einu

sinni í mánuði. Farið verður í gömlu góðu leikina og er hugmyndin að foreldrar kenni börnum sínum þá leiki sem þeir fóru í þegar þeir voru börn. Það er því um að gera fyrir foreldra að rifja upp gömlu góðu leikina.

GÖNGUFERÐ

Stefnt er að því að bjóða upp á gönguferð fyrir börn og foreldra í sumar og verður það auglýst nánar þegar nær dregur.

Allar nánari tímasetningar og verð á námskeiðin verða auglýst í væntanlegu fréttabréfi Stefnis.

Skráning verður hjá Þorgerði (899-9562) og Svövu Rán (895-1780).

RAUÐI KROSSINN



Rauði krossinn á norðanverðum Vestfjörðum heldur námskeiðið Mannúð og menning/Gleðidagar í Barnaskólanum í Hnífsdal. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 6-9 ára. Á námskeiðinu er lögð áhersla á fræðslu og leiki í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Börnin fá einnig innsýn í skyndihjálp, fjölmenningu og umhverfisvernd. Eldri borgarar koma í heimsókn og farið verður í útileiki og vettvangsheimsóknir.

Boðið er upp á tvö tímabil: 3.-7.júlí frá kl 10-15 og 10.-14.júlí frá kl 10-15.

Námskeiðsgjald er 2.500 kr,- og þátttakendur þurfa að hafa með sér nesti og hádegismat og vera vel klæddir þar sem við erum mikið úti.

Umsjónarmenn námskeiðsins eru Margrét Heiða Magnúsdóttir tómstunda- og félagsmálafræðingur og Elín Sveinsdóttir leikkona og leiklistarkennari.

Skráning og frekari upplýsingar sendist á netfangið margrethm90@gmail.com eða í síma 847-8424.

SKOTÍÞRÓTTAFÉLAG ÍSAFJARÐARBÆJAR

Við verðum með Bogfimi fyrir alla aldurshópa og skotfimi fyrir 15 ára og eldri í sumar.

Auglýst nánar á facebook www.facebook.com/groups/439260576155367

HSV

Í sumar býður HSV upp á íþrótt- og leikjanámskeið fyrir börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk í grunnskóla. Leikjanámskeiðin verða með fjölbreyttu sniði, farið verður í leiki, fjöruferðir, hjólaferðir, fjallgöngur, sund, ýmsar íþróttagreinar reyndar og margt fleira. Mæting er við íþróttahúsið á Torfnesi og stendur námskeiðið frá kl.9-12. Krakkarnir geta fengið vistun frá kl. 8:30 án skipulagðrar dagskrár. Nesti er tekið um miðjan morgun og koma allir með hollt og gott nesti að heiman.

Vegna fyrirspurnar er rétt að taka fram að öll börn eru velkomin á námskeiðið, búseta á starfssvæði HSV er ekki skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Salome Elín Ingólfsdóttir í síma 896-4668 eða í gegnum netfangið ithrottaskoli@hsv.is Frekari upplýsingar um leikjanámskeiðið er hægt að nálgast á heimasíðunni www.hsv.is og á facebook-síðunni „Íþróttaskóli HSV“

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD VESTRA



KÖRFUBOLTABÚÐIR

Dagskrá körfuknattleikdeilda Vestra verður fjölbreytt í sumar. Niundu Körfuboltabúðir Vestra fara fram á Torfnesi fyrstu vikuna í júní en þær eru ætlaðar 10-16 ára iðkendum. Uppselt er í stóru búðirnar en samhliða þeim verður boðið upp á Grunnbúðir fyrir börn fædd 2007-2010. Þær fara fram í íþróttahúsinu við Austurveg dagana 1.-3. júní. Æft er í klukkustund á dag eftir hádegi og síðasta daginn er endað á heimsókn í stóru búðirnar á Torfnesi. Búðagjaldið er 5.000 krónur. Frekari upplýsingar um Grunnbúðirnar, skráningu og tímasetningu


æfinga veitir Birna Lárusdóttir á netfanginu bil@snerpa.is.

SUMARNÁMSKEIÐ

Boðið verður upp á tvö sumarnámskeið fyrir börn fædd 2008-2011 og fara þau fram í íþróttahúsinu Torfnesi. Hið fyrra verður 12.-16. júní kl. 14:00-15:30. Hið seinna verður 14.-18. ágúst kl. 10:30-12:00. Námskeiðin eru sniðin jafnt að þörfum byrjenda sem þeirra sem komnir eru með dálitinn grunn í körfu. Skráning fer fram hjá Yngva Páli Gunnlaugssyni, yfirþjálfara kkd. Vestra, sem veitir einnig nánari upplýsingar á netfanginu yngvipall@gmail.com.

Sumaræfingar fyrir iðkendur fæddir 2002-2007 verða í boði frá 12. júní - 14. júlí. Æft verður á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá kl. 16-17.

Síðsumaræfingar hefjast 14. ágúst en tímasetningar þeirra verða auglýstar síðar. Nánari upplýsingar um starfsemi körfunnar má nálgast á heimasíðu Vestra: www.vestri.is eða á facebook síðu yngri flokka deildarinnar: Vestri - Körfuknattleiksdeild - yngri flokkar.



SAFNAHÚSIÐ EYRARTÚNI GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ ISAFJORDUR CULTURE HOUSE

**OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 13.00 - 19.00
LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA
KL. 13.00 - 16.00**

**OPEN:
MON. - FRI.: 13.00 - 19.00
SAT. & SUN.: 13.00 - 16.00**

**BÓKASAFN - LIBRARY - LISTASAFN - ART COLLECTION
LJÓSMYNDASAFN - PHOTO COLLECTION - SKJALASAFN
ARCHIVES - NETAÐGANGUR - INTERNET ACCESS**



Foreldrum er að sjálfsögðu heimilt að stytta útvistarátíma barna sinna enda eru þeir forráðamenn barna sinna og unglinga. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13 - 16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla- íþrótt- eða æskulýðs-samkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Útvistarreglurnar

**Á skólatíma
(1. september til 1. maí)**

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

**Á sumrin
(1. maí til 1. september)**

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 22
13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 24



ALLIR
MEÐ

STRÆTÓ

POLLGATA - HOLTÁHVERFI

Frá Pollgötu:

13.00, 14.00, 15.10, 16.45,
17.30, 18.00

Frá Holtahverfi:

07.20, 07.40, 16.00, 16.55

POLLGATA - HNÍFSDALUR

Frá Pollgötu:

07.30, 14.00, 14.40, 16.25,
17.00, 18.25

Frá Hnífsdal:

07.40, 14.10, 14.50, 16.35,
17.10, 18.35

POLLGATA - SUÐUREYRI

Frá Pollgötu:

06.30, 15.10, 17.30

Frá Suðureyri:

07.25, 15.40, 18.00

ÞINGEYRI/FLATEYRI - POLLGATA

Frá Þingeyri:

06.55, 14.30, 16.30

Frá Flateyri (t. Ísafj.):

07.25, 15.00, 17.00

Frá Pollgötu:

13.00, 15.30, 18.00

Frá Flateyri (t. Þing.):

13.25, 15.55, 18.30

AUKAFERÐ Á MÁNUÐÖGUM, MIÐVIKUDÖGUM OG FÖSTUDÖGUM

Pollgata - Hnífsdalur: 12:30

Hnífsdalur - Pollgata: 12:40

Pollgata - Holtahverfi/Suðureyri: 13:00

Suðureyri - Pollgata: 13:30